



Seinni hluti árs 2025 Áhaldafimleikar kvenna

Í fullorðinsflokki eru á dagskrá þrjú landsliðsverkefni, þau eru; World Challenge Cup í París, HM og NEM. Engin landsliðsverkefni eru á dagskrá í unglingaflokki á haustönn.

World Challenge Cup

París, Frakkland 24.-27. október

Þátttakendur eru landslið Íslands á HM.

HM

Jakarta, Indónesía 19.-25. október

Þátttakendur eru Lilja Katrín Gunnarsdóttir, Hildur Maja Guðmundsdóttir og Thelma Aðalsteinsdóttir. Formleg landsliðstilkynning verður birt á heimasíðu sambandsins og samfélagsmiðlum í ágúst.

NEM

England 24.- 26. október (sami tími og HM úrslit)

Valið verður í landslið út frá úrtökumótum og vorönn.

Ísland stefnir á að senda út fullt lið (6-6-4). Úrtökumót 1 fer fram í lok ágúst/byrjun september og úrtökumót 2 fer fram í september. Keppendum í unglingaflokki er velkomið að taka þátt á úrtökumótum en lagt eru upp með því að aðeins einn junior taki þátt á mótinu nema að sérstakar aðstæður komi upp og meti landsliðsþjálfari það styrkja liðið að breyta því. Keppendur á HM taka ekki þátt á NEM.

Unglingaflokkur

Haldnar verða úrvalshópaæfingar í unglingaflokki, en frekari upplýsingar um þær verða sendar út eftir sumarfrí. Stefnt er að fræðslufyrirlestri fyrir unglingaflokk á haustönn.

Fullorðinsflokkur

Stefnt er að úrvalshópaæfingu í byrjun haustannar (líklegast í ágúst) og í lok annar (lok nóvember/byrjun desember). Frekari upplýsingar um þær verða sendar út eftir sumarfrí. Stefnt er að fræðslufyrirlestri fyrir fullorðinsflokk á haustönn.

Birt með fyrirvara á breytingar

Ef þjálfarar eru með iðkendur sem þeir telja eiga heima í hópnum en eru þar ekki nú þegar, þá er þeim bent á að hafa samband við landsliðsþjálfara. Annars helst hópurinn óbreyttur.